

**48. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
24. október 2016 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1610149 - Niðurgreiðsla vegna daggæslu hjá dagforeldrum og innritunarreglur á leikskóla - áskorun til Akraneskaupstaðar

Á fundinn mættu:

Maren Ósk Elíasdóttir, Telma Björk Helgadóttir, Gyða Einarsdóttir, Elísabet Stefánsdóttir, Birna Björk Sigurgeirsdóttir og Margrét Egilsdóttir sem eru fulltrúar þeirra sem stóðu að undirskriftalistunum / Áskoruninni til Akraneskaupstaðar. Fulltrúar kynntu áherslur sínar.

Skóla- og frístundaráð þakkar fulltrúum þeirra sem stóðu að undirskriftalistum með áskorun til Akraneskaupstaðar fyrir komuna á fundinn til þess að kynna sjónarmið sín.

Skóla- og frístundaráð hyggst annars vegar bregðast strax við ábendingum um óhagræði fyrir foreldra að greiðsluþátttaka bæjarins berist eftir á og kynna nýtt fyrirkomulag innan tíðar. Hins vegar mun verða stofnaður starfshópur til þess að rýna stöðuna á þjónustu dagforeldra og innritun í leikskóla.

2. 1610022 - Starfsemi leikskóla - sumarskóli 2017

Á fundinn mættu Ingunn Ríkharðsdóttir og Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúar leikskólastjóra, Gunnur Hjálmsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsmanna og Elín Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra.

Leikskólastjórnir fylgdu eftir skýrslu sinni varðandi sumarskóla 2016 og hugmyndum um framtíðarfyrirkomulag.

Afgreiðslu málsins frestað.

3. **1608135 - Rekstur sumar- og leikjanámskeiða fyrir 6 til 10 ára börn á Akranesi (2016).**

Starfsskýrsla Skátafélags Akraness um leikjanámskeið fyrir sumarið 2016.
Fyrirkomulag leikjanámskeiða sumarið 2017.

Á fundinn mætti Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála.

Skóla- og frístundasvið samþykkir að fela frístundamiðstöðinni Þorpinu að sjá um allt frístundastarf og þar með talið sumar- og leikjanámskeið fyrir 6 til 10 ára börn sumarið 2017.

Verkefnastjóra falið að leggja fram tillögur um fyrirkomulag starfseminnar á næsta fundi ráðsins.

4. **1606079 - Fjárhagsáætlun 2017 - 2020**

Staða á vinnslu fjárhagsáætlunar kynnt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

*Rann Ósumarsclóthi
Sigrún Inga Guðnadóttir
~~Haukel~~ Ólaf Þorvarðsson
Kristján Hallur Sveinsson
Valgerður Gunnadóttir
Senna Helguson*